

**KJARVAL**

**30% afsláttur**  
459 KR. KG.  
Sælkerabuff frosið

**33% afsláttur**  
1.695 KR. KG.  
Móa ferskar kjúklingabringur

**34% afsláttur**  
989 KR. KG.  
Grísasnitset frosið

**30% afsláttur**  
499 KR. PK.  
Freschetta Pizza Napoli 3 stk.

**30% afsláttur**  
550 KR. KG.  
Húsavíkur fiskibollur

**6 FYRIR 4**  
Lif maískorn

**2 FYRIR 1**  
Grand Italia pasta

**299 KR. PK.**  
Gríms fiskréttir 3 tegundir

**50% afsláttur**  
369 KR. STR.  
Odense tertur

**25% afsláttur**  
Meistarar rúlluterta brún

**20% afsláttur**  
97 KR. STR.  
Kókomjólk í flösku 325 ml.

**30% afsláttur**  
399 KR. PK.  
Cocoa Puffs 533 gr.

**99 KR. STR.**  
Pepsi Max 2 ltr.

**99 KR. KG.**  
Hvftkál

**119 KR. KG.**  
Vatnsmelóna

**299 KR. PK.**  
Salernispappír 8 rúllur

**249 KR. PK.**  
Appollo lakkrísbitar

**GÓÐ TILBOÐ Í HVERRI VIKU**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**



**Leikfélag  
Menntaskólans að  
Laugarvatni kynnrir**

**Leikritið: Í fyrrasumar**  
Sýning verður í Leikskálum laugar-  
daginn **24. mars kl 16:00**

Miðaverð:  
1500 fyrir 13 ára og eldri  
1000 fyrir 12-5 ára  
Frítt fyrir 5 ára og yngri

*Vonumst til að sjá sem flesta  
Leikfélag ML*

**Frystiklefi.**

Lítill frystiklefi til sölu.

*Upplýsingar í síma 487-4694*

Beðist er afsökunar  
á seinkun Vitans sem  
orsakaðist af  
rafmagnstruflunum.  
ÚTG.

Nú má lesa Vitann á [sudurland.net](http://sudurland.net)

**Aðalfundur  
Búnaðarfélags  
Dyrhólahrepps**

verður haldinn þriðjudagskvöldið  
**27. mars. kl. 20:30**  
Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

*Stjórnin*

**Vantar ljósmynd!**

*Vegna Hæstaréttarmáls um Hvítmögu.*  
Ef þú átt eða veist um gamla ljósmynd af  
sporði Sólheimajökuls bið ég þig um að láta  
mig vita.  
Vísbendingar eru um að slík mynd sé til frá  
því um 1920.

**Símar: 862-8405 / 487-1321**  
Netfang: [solheimar@simnet.is](mailto:solheimar@simnet.is)

*Tómas Ísleifsson*

**Á aðalfundi RKÍ Víkurdeildar 8.**  
mars s.l. varð nokkur endurnýjun á fólki í stjórn.  
Sveinn Þorsteinsson formaður. Guðmundur  
Vignir Steinsson og Símon Þór Waagfjörð  
meðstjórnendur og Æsa Gísladóttir ritari.  
Nýr skoðunarmaður var kjörinn Sigurður  
Hjálmarsson.  
Af fyrri stjórn halda áfram Elsa G.  
Vilmundardóttir gjaldkeri og Gunnar Halldórsson  
skoðunarmaður.

SMÁAUGLÝSINGAR

10. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 21. MARS 2007



## Sýslumaðurinn í Vík

Ránarbraut 1, 870 Vík í Mýrdal - Símar 4884300- Fax 4884301

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninga 12. maí 2007 er hafin.

Hægt er að greiða atkvæði utankjörfundar hjá embætti sýslumannsins í Vík í Mýrdal, á opnunartíma sýsluskrifstofunnar, milli kl. 9.00-15.30 að Ránarbraut 1 í Vík. Þá er einnig hægt að hafa samband við sýslumann í síma 8938962/4871149/4878962 ef áriðandi er að greiða atkvæði utan þess tíma.

Á Kirkjubæjarklaustri sér Sólrún Ólafsdóttir um atkvæðagreiðslu utankjörfundar og er kjörfundur heima hjá henni að Kirkjubæjarklaustri II. Hægt er að hafa samband við hana í síma 4874608 eða 8958018.

Þeir sem ekki eiga heimangengt til að greiða atkvæði á kjörstað vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi, til ofangreindra kjörstjóra, fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 8. maí nk. Beiðni um slíkt er hægt að fá hjá kjörstjórum og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

Kjósendur skulu hafa kynnt sér hvar þeir eru á kjörskrá og hafa meðferðis persónuskilríki til að sanna hverjir þeir eru, ef með þarf.

Ýmsar upplýsingar vegna komandi alþingiskosninga má fá á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

*Vík 19. mars 2007  
Anna Birna Þráinsdóttir  
sýslumaður*

## Sólheimakapella í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Sólheimakapellu í Mýrdal, nk. sunnudag,

**25. mars 2007, kl. 14:00.**

Kristín Björnsdóttir leikur á orgel  
og stjórnar almennum safnaðarsöng.

Fjölmennum.

**Sóknarprestur**

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Munið samveru Kirkjuskólans í Mýrdal í grunnskólanum í Vík

**laugardaginn 24. mars nk. kl. 11:15.**

**Sóknarprestur**



## ÆSKULÝÐSHITTINGUR

**Laugardaginn 24. mars n.k.** langar okkur að bjóða krökkum í hestamannafélaginu og öðrum sem hafa áhuga á hestamennsku að koma og hittast á Hótel Vík frá kl. 12:30 til 15:00 þar sem við ætlum að gera okkur glaðan dag, fara í leiki og kynna það sem framundan er hjá okkur í æskulýðsnefndinni. Gott væri ef þið létuð vita af komu ykkar undir greininni um æskulýðshittinginn á nýju bloggsíðunni okkar [www.hmf-sindri.bloggar.is](http://www.hmf-sindri.bloggar.is). Gaman væri að sjá sem flesta, allir á aldrinum 5-16 ára ('02-'91) eru velkomnir.

Einnig langar okkur að minna aftur á seinna vetrarmótið sem haldið verður í Vík **31. mars næstkomandi**. Það verður nánar auglýst þegar nær dregur en upplýsingar um það og annað sem er á dagskrá hjá okkur í ár er að finna á bloggsíðunni.

**Hestamannafélagið Sindri**



## Félagsmenn Verkalýðsfélags Suðurlands Lögfræðipjónusta



### Verkalýðsfélag Suðurlands minnir félagsmenn á lögfræðipjónustu í boði félagsins.

Einu sinni í mánuði gefst félagsmönnum kostur á viðtali við lögmann sér að kostnaðarlausu.

Viðtalstímarnir eru í 30 mín og er fyrsti tíminn frá 10:30-11:00 og seinas-ti frá 12:00-12:30.

Við lögmann má bera hvert það álitæfni sem félagsmenn vilja bera undir lögmanninn, t.d. um kaup og kjör eða réttindi á vinnustað, sífjamál, stofnun eða slit hjúskapar, erfðarétt, skuldabréfamál, fasteignamál og flr.

Félagið hvetur alla þá sem hafa einhverjar spurningar að nýta sér þessa þjónustu.

#### Næstu viðtalstímar verða sem hér segir:

Þriðjudaginn 27. mars

Þriðjudaginn 24. apríl

Þriðjudaginn 22. maí

Tímapantanir í síma 487-5000

#### Niðurlag fundargerðar Mýrdalshrepps

##### D-listinn leggur fram bókun:

Í umsögnum sveitarstjóra kemur fram athugasemd um að einungis voru gefnir tveir virkir dagar til að skila inn umsögn til Samgöngunefndar. Slíkt er með öllu óásettanlegt af hálfu Alþingis. Í umsögnunum er fullyrt að gerð verði tillaga um nýja veglínu sem liggja um jarðgöng gegnum Reynisfjall og því vart hægt að tala um afstöðuleysi eða misvísanir. Fulltrúum B-listans á að vera kunnugt að skipulags- og byggingarnefnd ákvað að óska eftir áliti Vegagerðarinnar á tveimur valkostum þar sem í báðum tilvikum er um að ræða jarðgöng gegnum Reynisfjall. Sú umsögn hefur ekki borist og nefndin ekki afgreitt frá sér málið.

4. Bréf Vegagerðarinnar dags. 1. mars 2007.

5. Fundargerð 6. fundar barnaverndarnefnd-

ar frá 21. febrúar 2007.

6. Bréf Rangárbings ytra dags. 12. febrúar 2007, Skaftárhrepps dags. 14. febrúar 2007 og Ásahrepps dags. 26. febrúar 2007.

7. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2007.

8. Fundargerð 92. fundar stjórnar Skóla-skrifstofu Suðurlands frá 28. febrúar 2007.

9. Fundargerð 97. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 6. mars 2007.

10. Fundargerð 401. fundar SASS frá 7. mars 2007.

11. Bréf Umhverfisráðuneytis dags. 6. mars 2007.

12. Fundargerð aðalfundar Hulu bs. frá 6. mars 2007.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:00

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einaradóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason

#### FUNDARGERÐ MÝDALSHREPPS

421. fundar sveitarstjórn Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Fundinn sátu undirritaðir. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnáði. Gerðir fundarins:

Oddviti óskar eftir að liðum III-9 Eignarhaldsfélag Suðurlands og III-10 Menningarsamningur Suðurlands verði bætt á dagskránnu. Einnig að byrjað verði á lið III-1.

Samþykkt.

##### I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 138. fundar fræðslunefndar frá 13. mars 2007. Fundargerðin samþykkt.

##### B-listinn leggur fram bókun:

*B-listinn lýsir yfir ánægju yfir því gróskumikla starfi sem fram fer í öllum skólum sveitarfélagsins. Þó lýsa fulltrúar B-listans yfir vonbrigðum með að elstu börn leikskólans fá ekki sértíma á stundaskrá til undirbúnings fyrir grunnskólanám. Sífellt meiri áhersla er lögð á samfellu milli skólastiga og á því að sjálfsögðu að gera ráð fyrir slíku í leikskólanum. Því leggja fulltrúar B-listans áherslu á að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.*

*Þá taka fulltrúar B-listans undir tilmæli fulltrúa foreldra grunnskólans þar sem hann leggur til að áform um breytingar á kennslustundafjölda í grunnskólanum verði kynnt foreldrum.*

Sveitarstjórn samþykkir að fela fræðslunefnd að vinna drög að heildstæðri skólastefnu fyrir Mýrdalshrepp.

2. Fundargerð 146. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns frá 14. mars 2007.

Rekstrarnefnd óskar eftir að sveitarstjórn ábyrgist yfirdráttarheimild í Kaupþingi að upphæð 15 millj.kr. þar til gengið hefur verið frá langtímaláni og 3 millj. kr. frá þeim tíma til 12 mánaða..

Sveitarstjórn samþykkir beiðni nefndarinnar og felur sveitarstjóra að ganga frá ábyrgðinni.

Fundargerðin samþykkt.

##### II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Fræðslunets Suðurlands dags. 28. febrúar 2007. Afgreiðslu frestað.

2. Bréf vinnuhóps um samræmingu félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu dags. 5. mars 2007.

Vinnuhópurinn leggur til að sveitarfélögin í

Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu myndi eina félagsmálanefnd fyrir svæðið.

Erindið samþykkt.

##### III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Löggæsla í Vestur-Skaftafellssýslu - Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri er mættur á fundinn ásamt Sveini K. Rúnarssyni yfirlögregluþjóni og Kristínu Þórðardóttur fulltrúa.

Kjartan kynnti skipulag og framtíðarsýn lögreglu-unnar varðandi löggæslu, almannavarnarmál, forvarnir o.fl.

Lögreglustjóri óskar eftir tilnefningu í samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar skv. 12. gr. lögreglu- laga nr. 90/1996.

Samþykkt skipa Svein Pálsson í samstarfsnefndina.

2. Ketilsstaðaskóli - frá fundi 418.

Á 418. fundi sveitastjórnar var oddvita og sveitarstjóra falið skoða málefni Ketilsstaðaskóla og skila tillögum fyrir febrúarfund sveitarstjórnar. Sveitarstjóri sendi stjórnum félaganna bréf þann 7. febrúar s.l. þar sem formenn voru beðnir um að yfirfara skráða notkun á húsinu á árinu 2006 og leiðrétta væri þess þörf. Formaður kvenfélags benti á að reglulegir fundir kvenfélagsins væru ekki skráðir en að öðru leyti voru ekki gerðar athugasemdir við skráða notkun. Á árinu 2006 voru 38 skráðir viðburðir í húsinu, þar af 16 reglulegir fundir kvenfélagsins. Aðrir viðburðir á vegum félagana voru. t.d. þorrablót, páskaeggjábíngó, jólaball, þrettándagleði og aðalfundir búnaðarfélags og sóknarnefndar. Alls um 23 viðburðir á vegum félaganna. Önnur notkun var t.d. útleiga fyrir gistingu og ættarmót.

##### D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu:

*Mýrdalshreppur óskar eftir að menntamálaráðuneytið feli Ríkiskaupum að selja skólahúsnæði og íbúð Ketilsstaðaskóla. Félög í gamla Dyrhólahreppi verði styrkt með félagsaðstöðu til jafns við önnur félög í sveitarfélaginu.*

Samþykkt með þremur atkvæðum (SP, ÞJ, BJ) gegn tveimur (EE, KP).

##### B-listinn leggur fram bókun:

*Fulltrúar B-listans telja að með sölu á Ketilsstaðaskóla sé fótum kipt undan félagsstarfi úbúa vestan Brandslækjar. Um áratuga skeið hefur þetta hús þjónað íbúum þessa hluta sveitarfélagsins og gegnt margvíslegu hlutverki. Ketilsstaðaskóli hefur jafnframt þjónað sem safnaðarheimili fyrir Skeiðflatarkirkju.*

Á sameiginlegum fundi stjórnar félaga í gamla Dyrhólahreppi var lýst yfir eindregnum óskum um að Ketilsstaðaskóli verði áfram félagsaðstaða fyrir íbúa sveitarfélagsins. Jafnframt bjóða félögin fram krafta sína í sjálfbodavinnu húsinu til gagns.

Fulltrúar B-listans leggja til að þess sé freistað að treysta rekstrargrundvöll Ketilsstaðaskóla þannig að hann geti áfram þjónað því hlutverki sem hann gerir í dag. Þá undrast fulltrúar B-listans að íbúum í Ketilsstaðaskóla skuli ekki hafa verið gerð grein fyrir áformum meirihlutans á sölu íbúðarhúsnæðis byggingarinnar.

**3.** Stofnfundur Lánasjóðs sveitarfélaga - tilnefning fulltrúa.

Samþykkt að Sveinn Pálsson fari með umboð Mýrdalshrepps á stofnfundinum.

**4.** Víkurá - frá fundi 412. Málinu frestað.

**5.** Samningur um váttryggingarviðskipti.

Fyrir liggur samningur um váttryggingarviðskipti við Sjóva-Almennar tryggingar hf.

Samningurinn er samþykktur með þremur atkvæðum (SP, ÞJ, BJ) gegn tveimur (EE, KP).

B-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar B-lista telja fráleitt að binda hendur sveitarfélagsins með svo löngum samningi eða til ársloka 2011.

**6.** Slökkviliðið.

**D-listinn** leggur fram eftirfarandi tillögu:

Slökkviliðinu verði heimilað að kaupa vatnsbíl af Slökkviliði Höfuðborgarsvæðis á 4,6 millj. kr m.vsk. Eldri bíll og búnaður sem fylgir nýja bílnum verði seldur og endurnýjun aðalbíls slökkviliðsins verði frestað til 2012 en samkvæmt gildandi brunavarnaáætlun er gert ráð fyrir endurnýjun hans árið 2010.

Samþykkt með þremur atkvæðum (SP, ÞJ, KP). Tveir sitja hjá (EE, KP).

**B-listinn** leggur fram bókun:

Fulltrúar B-listans fagna núverandi uppbyggingu slökkviliðsins í Mýrdalshreppi. Þar sem engin gögn voru send út til sveitarstjórnarfulltrúa í þessu máli fyrir fundinn, treysta fulltrúar B-listans sér ekki til að taka afstöðu í þessu máli, en leggja til að ákvörðun um kaup á dýrara tæki en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun verði frestað þar til upplýsingar um þarfir slökkviliðsins liggja fyrir.

**7.** Priggja ára fjárhagsáætlun 2008-2010.

Priggja ára fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2008-2010 var til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar þann 15. febrúar sl.

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að rekstur sveitarsjóðs og B-hluta stofnanna verði jákvæður öll árin. Gert er ráð fyrir að tekin verði langtímalán til framkvæmda á tímabilinu að upphæð 45 millj. kr. og að eldri langtímalán verði greidd niður um svipaða upphæð.

Fyrirliggjandi áætlun samþykkt með þremur atkvæðum (SP, ÞJ, BJ). Tveir sitja hjá (EE, KP).

**8.** Ársreikningur 2006.

Vísad til seinni umræðu.

**9.** Eignarhaldsfélag Suðurlands.

Samþykkt að Sveinn fari með umboð Mýrdalshrepps á aðalfund félagsins sem verður 28. mars n.k.

**10.** Menningarsamningur Suðurlands.

Fyrir liggur að líkur séu á að á næstu vikum verði undirritaður Menningarsamningur Suðurlands milli menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna á Suðurlandi. Samningur þessi var samþykktur af hálfu sveitarfélaganna á aðalfundi SASS í nóvember 2005.

Samþykkt að Sveinn fari með umboð Mýrdalshrepps til að undirrita samninginn.

**IV. Efni lagt fram til kynningar:**

**1.** Bréf til Vegamálastjóra dags. 16. febrúar 2007.

**2.** Umsögn um Samgönguáætlun 2007-2010.

**3.** Umsögn um Samgönguáætlun 2007-2018.

B-listinn leggur fram bókun vegna liða IV-2 og IV-3:

Fulltrúum B-listans finnst að nauðsynlegt hefði verið að sveitarstjórn hefði fengið tækifæri til að fjalla um framlagðar samgönguáætlanir áður en umsögn var send af sveitarstjóra. Í umsögnum sveitarstjóra koma margar ágætar ábendingar fram en þó ber of mikið á afstöðuleysi og misvísunum. B-listinn leggur áherslu á að ekki verði dregið lengur að setja nýja veglínu um Mýrdal inn á aðalskipulagstillögu. Jafnframt verði staðföst beiðni send til samgöngunefndar Alþingis, um að ný veglína sem geri ráð fyrir jarðgöngnum gegnum Reynisfjall komi inn á Samgönguáætlun. Slíkt bréf yrði jafnframt sent Vegagerð ríkisins og þingmönnum Suðurlands.




## Halldórskaffi auglýsir

Við viljum byrja á að kynna okkur, við heitum Edda og Pétur og erum nýjir eigendur af Kaffihúsinu. Nú erum við að fara inni fyrsta sumarið okkar og vegna þess vantar okkur hressst og skemmtilegt fólk í vinnu í sal og eldhús.

Við værum líka til í að fá unglunga í uppvas og frágang í eldhúsi kvöld og kvöld. Þar sem við verðum með upplýsingamiðstöðina líka vantar okkur starfsfólk í 1 og ½ stöðu sem þekkir fallega svæðið ykkar vel.

Okkur langar að biðja þá sem hafa áhuga að hafa samband við hana Ester í síma 698-5938, og við munum svo hafa samband við ykkur.

*Hlökkum til að kynnst ykkur,  
Edda og Pétur.*



## Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Verður haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri miðvikudagskvöldið 28. mars næstkomandi kl: 20:30.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Sveinn Runólfsson, Landgræðslustjóri fjalla um það sem er efst á baugi í landgræðslustarfinu. Guðmundur Halldórsson, rannsóknarstjóri Landgræðslu ríkisins mun segja frá verkefninu „Heklusógum“. Elín Heiða Valsdóttir fjallar um landgræðslu-aðgerðir í Skaftárhreppi.



Kaffiveitingar í boði Landgræðslu ríkisins  
Vonumst til að sjá sem flesta  
Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps